

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum á Rífsbanka.

#### 1. gr.

Frá kl. 21 þann 15. ágúst 1994 eru allar veiðar með rækjuvörpu bannaðar á svæði á Rífsbanka, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°10'N - 15°55'V
2. 67°16'N - 15°55'V
3. 67°16'N - 15°20'V
4. 67°10'N - 15°20'V

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum, sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju, heimilt að stunda veiðar á ofangreindu svæði. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar. Bil milli rimla skal vera 21 mm og halli grindarinnar um 48°. Á efra byrði vörpunnar skal vera gat þar sem fiskur sem ekki sleppur í gegnum skiljuna skilst út.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*